

## AFKOMA ARION BANKA Á FYRRI ÁRSHELMINGI 2015

Hagnaður Arion banka á fyrri helmingi ársins 2015 nam 19,3 milljörðum króna samanborið við 17,4 milljarða króna á sama tímabili 2014. Markast afkoma tímabilsins mjög af óreglulegum liðum líkt og á árinu 2014. Skipta þar mestu einskíptisatburðir eins og skráning og sala bankans á hlutum í fasteignafélaginu Reitum og alþjóðlega drykkjaframleiðandanum Refresco Gerber. Arðsemi eigin fjár var 22,8% samanborið við 23,4% á sama tímabili árið 2014. Hagnaður af reglulegri starfsemi á tímabilinu nam 8,7 milljörðum króna samanborið við 6,0 milljarða á sama tímabili 2014. Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi nam 10,8% á fyrri helmingi ársins samanborið við 8,1% á sama tímabili 2014. Heildareignir námu 974,8 milljörðum króna samanborið við 933,7 milljarða króna í árslok 2014.

Eiginfjárhlutfall bankans í lok tímabilsins var 23,2% en var 26,3% í árslok 2014. Lækkunin er einkum tilkomin vegna arðgreiðslu að fjárhæð 12,8 milljarðar króna og fyrirframgreiðslu á víkjandi lánum frá ríkinu að fjárhæð 20 milljarðar króna. Hlutfall eiginfjárpáttar A nam 21,8% og er óbreytt frá árslokum 2014.

### Helstu atriði árshlutareikningsins

- Hagnaður eftir skatta nam 19,3 mö.kr. samanborið við 17,4 ma.kr. á sama tímabili 2014.
- Hagnaður af reglulegri starfsemi nam 8,7 mö.kr. samanborið við 6,0 ma.kr. á sama tímabili 2014.
- Eiginfjárhlutfall nam 23,2% í lok tímabils samanborið við 26,3% í árslok 2014.
- Arðsemi eigin fjár var 22,8% samanborið við 23,4% á sama tímabili 2014. Af reglulegri starfsemi nam arðsemin 10,8% á tímabilinu, samanborið við 8,1% á sama tímabili 2014.
- Hreinar vaxtatekjur námu 13,2 mö.kr. samanborið við 12,2 ma.kr. á sama tímabili 2014.
- Hreinar þóknatekjur námu 7,4 mö.kr. samanborið við 6,6 ma.kr. á sama tímabili 2014.
- Rekstrartekjur hækka á milli ára og námu 36,1 mö.kr. samanborið við 25,7 ma.kr. á sama tímabili 2014. Mikil hækkun rekstrartekna er einkum tilkomin vegna söluhagnaðar og hækkunar á verðmati á eignarhlutum í Reitum fasteignafélagi hf. og Refresco Gerber í tengslum við skráningu félaganna á markað.
- Hrein virðisbreyting er neikvæð á tímabilinu og nemur 0,1 ma.kr., samanborið við 2,0 ma.kr. jákvæða virðisbreytingu á sama tímabili 2014. Hrein virðisbreyting lána hjá dótturfélaginu AFL – sparisjóði var neikvæð á tímabilinu og nam 1,7 ma.kr. Hrein virðisbreyting annarra lána samstæðunnar var jákvæð um sambærilega fjárhæð.
- Tekjuskattur nam 2,4 mö.kr. samanborið við 2,5 ma.kr. á sama tímabili 2014.
- Kostnaðarhlutfall var 36,5% en var 50,5% á sama tímabili 2014. Af reglulegri starfsemi nam kostnaðarhlutfall 50,3% samanborið við 60,2% á fyrri helmingi ársins 2014.
- Eigið fé bankans var 168,4 ma.kr. en nam 162,2 mö.kr. í lok árs 2014.



*Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka:*

„Afkoma Arion banka fyrstu sex mánuði ársins er góð. Einskiptisatburðir frá fyrsta ársfjórðungi hafa áfram jákvæð áhrif á uppgjörið en þá seldi bankinn hluti í Reitum og alþjóðlega drykkjarframleiðandanum Refresco Gerber og voru félögin skráð á markað. Á öðrum ársfjórðungi er það fyrst og fremst regluleg starfsemi bankans sem skilar góðri arðsemi. Þannig heldur starfsemi bankans áfram að styrkjast og jukust þóknatekjur, sem eru fyrst og fremst frá fyrirtækjum, um 13% á milli ára. Við sjáum einnig áhrif traustara efnahagsástands og aukinna umsvifa í efnahagslífinu í auknum lánveitingaum til fyrirtækja, einkum til fasteignaframkvæmda, flutninga- og ferðaþjónustu og sjávarútvegs, sem er mjög jákvætt.

Standard & Poor's hækkaði nýverið lánshæfismat Arion banka og er bankinn nú kominn í fjárfestingarflokk sem greiðir aðgengi að erlendum fjármagnsmörkuðum. Hækkun lánshæfismatsins kom í kjölfar þess að Standard & Poor's hækkaði lánshæfismat íslenska ríkisins eftir að áform stjórnvalda um afnám fjármagnshafta voru kynnt. Það samkomulag sem gert var á milli fulltrúa stjórnvalda og hluta kröfuhafa kveður á um breytingar á efnahag Arion banka en það hefur legið fyrir um langt skeið að Arion banki er vel í stakk búinn til að takast við slíkar breytingar samhliða afnámi hafta.

Eftir að Arion banki fékk forræði yfir AFL - sparisjóði þá hefur það komið okkur á óvart hve alvarleg staða sjóðsins er. Óháðir ráðgjafar voru fengnir til að meta stóran hluta af lánasafni sjóðsins og hefur reynt nauðsynlegt að færa útlán sjóðsins enn frekar niður, eða um rúman 1,7 milljarð króna á fyrri helmingi ársins. Hins vegar eru aðrar virðisbreytingar lána samstæðunnar jákvæðar um sambærilega upphæð og því eru samanlögð áhrif virðisbreytinga útlána á uppgjör tímabilsins lítil.“

#### **Fundur með markaðsaðilum**

Arion banki mun halda símafund á ensku fyrir markaðsaðila, fimmtudaginn 27. ágúst, klukkan 13:00. Á fundinum mun Stefán Pétursson, fjármálastjóri Arion banka, fara yfir helstu atriði í uppgjöri bankans. Áhugasamir geta sent tölvupóst á [ir@arionbanki.is](mailto:ir@arionbanki.is) og fá í kjölfarið sendar innhringiupplýsingar.

*Nánari upplýsingar veitir Haraldur Guðni Eiðsson, samskiptasviði Arion banka, [haraldur.eidsson@arionbanki.is](mailto:haraldur.eidsson@arionbanki.is), s: 856 7108.*



## Rekstrarreikningur – helstu atriði

Rekstrarreikningur				
<i>Í milljónum króna</i>	6 mán. '15	6 mán. '14	Breyting	Breyt. %
Hreinar vaxtatekjur	13.175	11.966	1.209	10%
Hreinar þóknatekjur	7.434	6.593	841	13%
Hreinar fjármunatekjur	9.102	3.714	5.388	145%
Hreinn gengishagnaður	621	153	468	306%
Aðrar rekstrartekjur	5.740	3.274	2.466	75%
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>36.072</b>	<b>25.700</b>	<b>10.372</b>	<b>40%</b>
Laun og launatengd gjöld	(7.167)	(7.164)	(3)	0%
Annar rekstrarkostnaður	(6.004)	(5.811)	(193)	3%
Bankaskattur	(1.389)	(1.375)	(14)	1%
Hrein virðisbreyting	(81)	2.001	(2.082)	(104%)
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>21.431</b>	<b>13.351</b>	<b>8.080</b>	<b>61%</b>
Tekjuskattur	(2.367)	(2.467)	100	(4%)
<b>Hagnaður af áframhaldandi starfsemi</b>	<b>19.064</b>	<b>10.884</b>	<b>8.180</b>	<b>75%</b>
Afkoma af aflagðri starfsemi eftir skatta	262	6.525	(6.263)	-
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>19.326</b>	<b>17.409</b>	<b>1.917</b>	<b>11%</b>

### Rekstrartekjur

Rekstrartekjur hækka mikið á milli ára eða um 10.372 milljónir króna en þær námu 36.072 milljónum króna á tímabilinu. Hækkunin er að stórum hluta tilkomin vegna 5.388 milljóna króna hækkunar á hreinum fjármunatekjum og 2.466 milljóna króna hækkunar á öðrum rekstrartekjum.

*Hreinar vaxtatekjur* námu 13.175 milljónum króna á tímabilinu og hækka um 10% milli ára. Vaxtamunur af meðalstöðu vaxtaberandi eigna nam 3,0% á tímabilinu en var 2,8% á sama tímabili 2014. Aukinn vaxtamunur skýrist að nokkru af hærri verðbólgu á fyrri hluta ársins 2015 samanborið við sama tímabil 2014 en einnig skýrist hann af lægri fjármagnskostnaði með virkari lausafjárstýringu.

*Hreinar þóknatekjur* aukast um 13% milli ára og námu 7.434 milljónum króna á fyrri helmingi ársins 2015. Aukningin er að mestu tilkomin vegna hærri þóknatekna af greiðslukortum og fjárfestingarbankastarfsemi. Yfir 80% af heildar þóknatekjum Arion banka samstæðunnar kemur frá fyrirtækjum.

*Hreinar fjármunatekjur* hækkuðu mikið milli ára eða um 5.388 milljónir króna og námu 9.102 milljónum króna á tímabilinu. Mestu munar þar um virðishækkun á beinum og óbeinum 9,3% eignarhlut í evrópska drykkjarvörurisanum Refresco Gerber í tengslum við skráningu félagsins á hlutabréfamarkað í lok mars. Almennt var ávöxtun hlutabréfa með ágætum á tímabilinu en óveruleg verðbreyting varð á skuldabréfum.

*Hreinn gengishagnaður* nam 621 milljón króna á tímabilinu samanborið við 153 milljónir króna á sama tímabili 2014. Hreinn gjaldeyrisjöfnuður samstæðunnar nam 6,3 milljörðum króna í lok tímabilsins sem felur í sér að gengissveiflur hafa nokkur áhrif á rekstrartekjur. Hreinn gjaldeyrisjöfnuður var 18,9 milljarðar króna í árslok 2014, en unnið hefur verið markvisst í minnkun ójafnaðarins síðustu misseri. Gjaldyrisjöfnuður móðurfélagsins er langt innan þeirra 15% marka sem Seðlabankinn setur.

*Aðrar rekstrartekjur* námu 5.740 milljónum króna á tímabilinu og hækka umtalsvert frá fyrra ári. Aðrar rekstrartekjur eru einkum tekjur af hlutdeildarfélögum, virðisbreytingar og söluhagnaður af atvinnuhúsnæði og byggingareitum í þróun í eigu Landeyjar samstæðunnar og tekjur af iðgjöldum hjá OKKAR líftryggingum hf. Hækkun samanborið við fyrra ár skýrist einkum af söluhagnaði og virðisbreytingum af hlutdeildarfélögum en hækkunin nemur samtals 4.297 milljónum króna. Munar þar mestu um söluhagnað og virðisbreytingu eignarhlutar í Reitum fasteignafélagi hf. í tengslum við skráningu félagsins á NASDAQ Íslandi, en Arion banka samstæðan átti 25,3% eignarhlut í félaginu í upphafi árs.



## Rekstrarkostnaður og bankaskattur

Rekstrarkostnaður á fyrri helmingi ársins nam samtals 14.641 milljónum króna. Kostnaðarhlutfall lækkar í 36,5% en var 50,5% á sama tímabili 2014. Þessi mikla lækkun skýrist alfarið af háum tekjum af virðisbreytingum og eignasölu og gefur því ekki alveg rétta mynd af áframhaldandi rekstri. Kostnaður sem hlutfall af eignum nam 2,7% samanborið við 2,8% á fyrri helmingi ársins 2014.

*Laun og launatengd gjöld* námu 7.167 milljónum króna á fyrri helmingi ársins og eru nánast óbreytt frá sama tímabili 2014. Stöðugildi samstæðunnar voru að meðaltali 1.118 á tímabilinu samanborið við 1.133 á sama tímabili 2014 og því hafa meðallaun hækkað nokkuð sem skýrist að hluta til af auknum umsvifum dótturfélagsins Valitors erlendis.

*Bankaskattur* nam 1.389 milljónum króna samanborið við 1.375 milljónir króna á sama tímabili 2014 og breytist í takt við stækkandi efnahag bankans.

## Hrein virðisbreyting

*Hrein virðisbreyting* var neikvæð sem nemur 81 milljón króna og skiptist í stórum dráttum í þrennt. Í fyrsta lagi er um að ræða hreina virðishækkun á lánum til fyrirtækja upp á 2.543 milljónir króna. Í annan stað er hrein virðisrýrnun vegna útlána til einstaklinga um 1.299 milljónir króna. Í þriðja lagi hækkar almennt framlag virðisrýrnunar um 1.300 milljónir króna. Hrein virðisbreyting lána hjá dótturfélaginu AFL – sparisjóði, sem Arion banki fer með yfirráð yfir í kjölfar samþykkis íslenskra yfirvalda þar að lútandi frá því í apríl sl., var neikvæð á öðrum ársfjórðungi 2015. Í kjölfar umrædds samþykkis var gerð úttekt á lánasafni sjóðsins sem framkvæmd var af utanaðkomandi aðilum. Til viðbótar áður færðum niðurfærslum nam hrein virðisrýrnun lána hjá AFL – sparisjóði á tímabilinu 1.749 milljónum króna. Hrein virðishækkun annarra lána samstæðunnar nemur 1.668 milljónum króna á fyrri helmingi ársins 2015 og er merki um árangursríka endurskipulagningu lánasafnsins.

## Skattar

*Tekjuskattur* nam 2.367 milljónum króna samanborið við 2.467 milljónir króna á sama tímabili 2014. Tekjuskattur, eins og hann er settur fram í árshlutareikningi, samanstendur af 20% tekjuskatti af hagnaði og 6% sérstökum fjársýsluskatti sem lagður er á hagnað fjármálafyrirtækja umfram einn milljarð króna. Virkt tekjuskattshlutfall er 11,0% á fyrri helmingi ársins 2015 samanborið við 18,5% á sama tímabili 2014. Lágt tekjuskattshlutfall á tímabilinu skýrist einkum af óskattskyldum tekjum sem tilkomnar eru vegna hagnaðar og virðisbreytinga af hlutabréfaeign.

## Regluleg starfsemi

Á fyrri helmingi ársins var talsverður hluti hagnaðar Arion banka vegna eigna sem ekki teljast til kjarnaegna bankans. Þessar eignir eru einkum yfirteknir eignarhlutir í félögum í óskyldum rekstri í tengslum við skuldauppgjör. Bankinn hefur síðan unnið með félögunum að endurskipulagningu þeirra, unnið að sölu þeirra og í sumum tilfellum skráningu á markað. Þegar horft er til reglulegrar starfsemi þá leiðréttir Arion banki afkomu sína fyrir tímabundnum bankaskatti, áhrifum dótturfélaga sem eru í óskyldum rekstri og virðisbreytingum útlána.

Að teknu tilliti til ofangreinds lækkar afkoma á fyrri helmingi ársins samtals um 10.637 milljónir króna, niður í 8.689 milljónir króna. Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi á fyrri helmingi ársins 2015 nam 10,8% samanborið við 8,1% fyrir sama tímabil 2014. Kostnaðarhlutfall af kjarnastarfsemi nam 50,3% á fyrri helmingi ársins en var 60,2% á sama tímabili 2014.



## Annar ársfjórðungur 2015

Afkoma annars ársfjórðungs 2015 var mjög góð. Á árinu 2014 var afkoma annars ársfjórðungs hins vegar óvenju góð þar sem sala og skráning á hlutabréfum í HB Granda hf. hafði veruleg áhrif og markast samanburður tímabilanna nokkuð af því. Arðsemi eigin fjár var 10,2% samanborið við 38,5% arðsemi á öðrum ársfjórðungi 2014.

<b>Rekstrarreikningur</b>				
<i>Í milljónum króna</i>	<b>2F 2015</b>	<b>2F 2014</b>	<b>Breyting</b>	<b>Breyt. %</b>
Hreinar vaxtatekjur	7.392	6.483	909	14%
Hreinar þóknatekjur	3.677	3.445	232	7%
Hreinar fjármunatekjur	1.870	3.810	(1.940)	(51%)
Hreinn gengishagnaður	314	629	(315)	(50%)
Aðrar rekstrartekjur	1.038	2.356	(1.318)	(56%)
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>14.291</b>	<b>16.723</b>	<b>(2.432)</b>	<b>-15%</b>
Laun og launategd gjöld	(3.675)	(3.714)	39	(1%)
Annar rekstrarkostnaður	(3.108)	(3.064)	(44)	1%
Bankaskattur	(659)	(715)	56	(8%)
Hrein virðisbreyting	(1.863)	34	(1.897)	(5.579%)
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>4.986</b>	<b>9.264</b>	<b>(4.278)</b>	<b>-46%</b>
Tekjuskattur	(647)	(1.152)	505	(44%)
<b>Hagnaður af áframhaldandi starfsemi</b>	<b>4.339</b>	<b>8.112</b>	<b>(3.773)</b>	<b>-47%</b>
Afkoma af aflagðri starfsemi eftir skatta	79	6.433	(6.354)	(99%)
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>4.418</b>	<b>14.545</b>	<b>(10.127)</b>	<b>-70%</b>

*Rekstrartekjur* á öðrum ársfjórðungi lækka nokkuð milli ára eða um 15%. Hækkun er á hreinum vaxtatekjum og þóknatekjum en hreinar fjármunatekjur lækka þar sem mikill hagnaður var af skráningu HB Granda hf. á árinu 2014. Aðrar rekstrartekjur lækka einnig þar sem sala á fasteignafélaginu Landfestum átti sér stað á miðju ári 2014.

*Rekstrarkostnaður* er nánast sá sami á öðrum ársfjórðungi 2015 og var á öðrum ársfjórðungi 2014. Áhersla hefur verið á aðhald í kostnaði sem er að skila sér í uppgjöri bankans.

*Hreinar tekjur af aflagðri starfsemi* eru óverulegar á fjórðungnum og tengjast nær alfarið rekstri og sölu á fasteignum í eigu bankans. Á árinu 2014 skilaði sala á 18,8% eignarhlut bankans í HB Granda hf. umtalsverðum hagnaði.



## Efnahagsreikningur – helstu atriði

### Eignir

Í milljónum króna	30.06.2015	31.12.2014	Breyt.%	30.06.2014	Breyt.%
Sjóður og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	33.189	21.063	58%	17.361	91%
Lán til lánastofnana	103.815	108.792	(5%)	139.838	(26%)
Lán til viðskiptavina	667.129	647.508	3%	637.085	5%
Verðbréfaeign	111.419	101.828	9%	99.271	12%
Fjárfestingareignir	7.851	6.842	15%	6.020	30%
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum	13.987	21.966	(36%)	25.128	(44%)
Ófenislegar eignir	9.353	9.596	(3%)	5.374	74%
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	3.752	3.958	(5%)	4.329	(13%)
Aðrar eignir	24.316	12.183	100%	14.588	67%
<b>Eignir samtals</b>	<b>974.811</b>	<b>933.736</b>	<b>4%</b>	<b>948.994</b>	<b>3%</b>


Heildareignir samstæðu Arion banka námu 974,8 milljörðum króna í lok tímabilsins. Breytingar á einstökum eignaflokkum frá áramótum eru tengdar aukningu útlána og nýrri fjármögnun á tímabilinu. Verðbréfaeign hækkar nokkuð frá áramótum og skýrist hækkunin að mestu af tilflutningi eignarhlutar í Reitum fasteignafélagi í framhaldi af sölu á hluta af eign bankans í félaginu í tengslum við skráningu á markað.

### Lán til viðskiptavina

Lán til viðskiptavina námu 667.129 milljónum króna í lok tímabils og höfðu aukist um 19.621 milljón króna frá áramótum. Á fyrri helmingi ársins 2015 var umtalsverð aukning á lánum til fyrirtækja, í takt við aukin umsvif í efnahagslífi landsins. Þessi nýju lán eru einkum til fasteignaframkvæmda, flutninga- og ferðaþjónustu og sjávarútvegs.

Útlán til einstaklinga hafa aukist umtalsvert frá árinu 2010, einkum með kaupum á fagfjárfestastjóðnum Arion Bank Mortgages Institutional Investor Fund í árslok 2011 og með kaupum á einstaklingslánum sem upphaflega voru veitt af SPRON í árslok 2013. Á fyrsta fjórðungi þessa árs lækkuðu útlán til einstaklinga nokkuð og þar vegur þyngst niðurgreiðsla vegna skuldaleiðréttingar ríkisstjórnarinnar. Lán til einstaklinga nema nú um 47% af heildarlánabók bankans.

Gæði lánasafns Arion banka hefur aukist jafnt og þétt á undangengnum árum. Horft er til ýmissa mælikvarða hvað þetta varðar en einkum hlutfalls vandræðalána, sem skilgreind eru sem hlutfall bókfærðs virði lána sem komin eru í 90 daga vanskil og lána sem talin eru þurfa sértæka niðurfærslu. Þá horfir bankinn einnig til hlutfalls útlána bankans sem hafa verið niðurfærð. Hér að neðan má sjá þróun þessara mælikvarða á liðnum árum og gefur þróun þeirra beggja skýrt til kynna að mikið hefur áunnist við að bæta gæði lánabókar bankans.





## Verðbréfaeign

Verðbréfaeign nam 111.419 milljónum króna í lok tímabils samanborið við 101.828 milljónir króna í árslok 2014.

### Verðbréfaeign

<i>Í milljónum króna</i>	<b>30.06.2015</b>	<b>31.12.2014</b>	<b>Breyt.%</b>	<b>30.06.2014</b>	<b>Breyt.%</b>
Skuldabréf	68.878	66.465	4%	66.227	4%
Hlutabréf og hlutdeildarskírteini	28.257	25.233	12%	24.000	18%
Afleiðusamningar	1.842	1.026	80%	1.298	42%
Verðbréf til áhættuvarna	12.442	9.104	37%	7.746	61%
<b>Verðbréf samtals</b>	<b>111.419</b>	<b>101.828</b>	<b>9%</b>	<b>99.271</b>	<b>12%</b>

Hækkunin á hlutabréfum það sem af er ári er einkum tilkomin vegna tilfærslu á eignarhlut bankans í Reitum úr hlutdeildarfélögum í hlutabréfaeign.

## Skuldir og eigið fé

### Skuldir og eigið fé

<i>Í milljónum króna</i>	<b>30.06.2015</b>	<b>31.12.2014</b>	<b>Breyt.%</b>	<b>30.06.2014</b>	<b>Breyt.%</b>
Innlán lánastofnana og Seðlabanka Íslands	13.961	22.876	(39%)	29.277	(52%)
Innlán frá viðskiptavinum	472.304	454.973	4%	474.229	(0%)
Fjárskuldir á gangvirði	4.145	9.143	(55%)	7.646	(46%)
Aðrar skuldir	63.192	52.313	21%	52.228	21%
Lántaka	241.880	200.580	21%	199.882	21%
Víkjandi skuldir	10.884	31.639	(66%)	31.189	(65%)
Eigið fé	166.969	160.711	4%	149.630	12%
Minnihluti	1.476	1.501	(2%)	4.913	(70%)
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>974.811</b>	<b>933.736</b>	<b>4%</b>	<b>948.994</b>	<b>3%</b>

Heildarskuldir námu 806.366 milljónum króna í lok tímabils samanborið við 771.524 milljónir króna í árslok 2014.

## Lántaka

Lántaka bankans nam 241.880 milljónum króna í lok tímabilsins. Í lok júní lauk Arion banki við skuldabréfaútgáfu í norskum krónum þegar hann gaf út 500 milljónir norskra króna, sem samsvarar um 8 milljörðum króna, til 5 ára. Skuldabréfin bera fljótandi NIBOR vexti að viðbættu 2,95% vaxtaálagi. Arion banki gerði á sama tíma skiptasamning sem þýðir að hluti vaxta og höfuðstóls var skipt í evrum. Vaxtakjör í evrum eru fljótandi EURIBOR +2,74%. Umframeftirspurn var eftir skuldabréfunum. Skuldabréfin voru seld til fjárfesta á Norðurlöndunum og á meginlandi Evrópu. Samhliða skuldabréfaútgáfunni keypti Arion banki til baka NOK 260 milljónir af skuldabréfaútgáfu frá árinu 2013 og hefur bankinn samtals keypt NOK 319 milljónir tilbaka af NOK 500 milljón króna útgáfu frá árinu 2013.

Í mars gaf bankinn út óveðtryggð skuldabréf í evrum upp á 300 milljónir evra eða um 45 milljarða króna. Skuldabréfin eru til þriggja ára og voru seld til um 100 alþjóðlegra fjárfesta. Um er að ræða fyrstu útgáfu íslensks banka í evrum og jafnframt lang stærsta einstaka skuldabréfútgáfa og markar þannig þáttaskil hvað varðar aðgengi íslensks banka að erlendum skuldabréfa- og lánsfjármörkuðum frá 2008.



## Víkjandi skuldir

*Víkjandi skuldir* bankans námu 10.884 milljónum króna í lok tímabils. Breyting frá áramótum er einkum tilkomin vegna niðurgreiðslu upp á um 20 milljarða króna, þar sem hluti nýrrar skuldabréfaútgáfu var nýttur til greiðslu víkjandi skuldar við íslenska ríkið. Kjör víkjandi skulda hækkuðu í byrjun árs, skv. skilmálum, eða úr 4% í 5% álag ofan á LIBOR. Við það myndaðist enn frekari hvati til niðurgreiðslu og er fyrirhugað að greiða víkjandi skuldina niður að fullu á árinu ef aðstæður leyfa.

## Eigið fé hluthafa Arion banka

*Eigið fé* bankans nam 166.969 milljónum króna í lok júní 2015 samanborið við 160.711 milljónir króna í lok árs 2014. Hækkunin skýrist af afkomu tímabilsins að teknu tilliti til arðgreiðslu í apríl sem nam 12,8 milljörðum króna. Tier 1 hlutfall bankans, reiknað samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins, nam 21,8% í lok tímabilsins og er óbreytt frá árslokum 2014.

Eiginfjárhlutfall bankans samkvæmt reglum FME er 23,2% í lok tímabilsins, samanborið við 26,3% í árslok 2014. Ástæðu lækkunar má einkum rekja til niðurgreiðslu á víkjandi láni frá íslenska ríkinu að fjárhæð 20 milljarða króna og áhrifa arðgreiðslu til hluthafa bankans, sem greidd var í apríl. Hagnaður tímabilsins kemur til hækkunar á móti.

### Kennitölur

	6 mánn. '15	2014	6 mánn. '14
Arðsemi eigin fjár	22,8%	18,6%	23,4%
Arðsemi eigna	4,0%	3,0%	3,7%
Vaxtamunur á vaxtaberandi eignir	3,0%	2,8%	2,8%
Vaxtamunur á heildareignir	2,7%	2,6%	2,5%
Kostnaðarhlutfall	36,5%	50,1%	50,5%
Kostnaður sem hlutfall af eignum	2,7%	2,9%	2,8%
Virkur tekjuskattur	11,0%	16,1%	18,5%
CAD hlutfall (Eiginfjárhlutfall FME)	23,3%	26,3%	25,6%
Tier 1 hlutfall	21,8%	21,8%	21,1%
Vandræðalán	3,3%	4,4%	5,4%
Áhættuvegnar eignir sem hlutfall af heildareignum	74,5%	74,5%	73,9%
Útlán sem hlutfall af innlánnum	141,2%	142,3%	134,3%
Meðalfjöldi stöðugilda	1.118	1.128	1.133
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils- samstæða	1.123	1.120	1.118
Meðalfjöldi stöðugilda - móðurfélag	850	890	900
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils - móðurfélag	840	865	887

## Fjárhagsdagatal

Samkvæmt áætlun munu uppgjör bankans verða birt sem hér segir:

Árshlutauppgjör 3F 2015	11. nóvember 2015
Ársuppgjör 2015	24. febrúar 2016
Aðalfundur	16. mars 2016

Dagatalið er birt með fyrirvara um breytingar.